

4. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypta gæludýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Með undanþágur frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 fer samkvæmt 74. gr. reglugerðarinnar.

5. gr.

Bann við gæludýrahald, handsömun gæludýra.

Brjótí gæludýrahald gegn ákvæðum samþykktar þessarar getur umhverfissvið Reykja-víkurborgar bannað viðkomandi gæludýrahald. Er þá umhverfissviði heimilt að handsama viðkomandi dýr og flytja í dýrageymslu.

Sé einsýnt að gæludýrahald samræmist ekki ákvæðum samþykktar þessarar skal gæludýri sem handsamað er skv. 1. mgr. ráðstafað til nýs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað eftir sjö sólarhringa enda er ekki hægt að hafa upp á eiganda.

6. gr.

Lögregluástoð.

Umhverfissvið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

7. gr.

Refsiviðurlög.

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Lagagrundvöllur.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 19. apríl 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfu heilbrigðisvottorða.

1. gr.

Skylt er að sækja um vottun til að hita viðarumbúðir s.s. vörubretti og trékassa eða trjávið í slíkar umbúðir, eða til framleiðslu á viðarumbúðum úr forhituðum viði og sem nota á við útflutning á ýmsum vörum sbr. reglugerð landbúnararráðuneytisins, nr. 343/2004, um viðarumbúðir við útflutning á vörum ásamt breytingu með reglugerð nr. 264/2005.

Fyrirtæki sem óska eftir að hljóta vottun til hitunar á viði eða viðarumbúðum eða framleiðslu umbúða úr forhituðum viði, skulu sækja um það til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

2. gr.

Fyrir fyrstu vottun á meðhöndlun og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings, skulu greiðast kr. 25.000 til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

3. gr.

Fyrir hvert heilbrigðisvottorð sem plöntueftirlitið gefur út vegna útflutnings á plöntum og plöntuafurðum frá Íslandi, m.a. með viðarumbúðum, skulu greiðast kr. 3.500.

Plöntueftirlitið getur gefið afslátt af verðinu, séu fleiri vottorð gefin út samtímis með svipuðum upplýsingum.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu skv. gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 2005.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.